

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

4. fundur 2009 (6. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.05.2009 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Valur Ásbjarnarson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Páll Svavar Pálsson	byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Svæðisskipulag Suðurnesja

Magnús Guðmannsson kynnti drög að álitum Keflavíkurflugvallar ohf varðandi áherslur vegna vinnu við svæðisskipulag Suðurnesja. Rætt var m.a. um flutning 07L/25R brautar til norðvesturs en til álita kemur að mati Sandgerðisbæjar að brautin verði lengd til suðvesturs en á móti verði hún stytt til norðausturs. Þessi breyting gæti hentað rekstri flugvallarins ágætlega. Mun þetta atriði koma til skoðunar við heildarendurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Ennfremur var rætt um hljóðspor og hvaða hljóðkröfur ættu að gilda t.d. fyrir nýja byggð við gamlan flugvöll.

Endanlegt álit KEF ohf verður sent nefndarmönnum og að fengnu samþykki þeirra mun ritari nefndarinnar koma álitinu á framfæri við svæðisskipulagsnefndina.

Sigurður Thoroddsen lagði fram umsögn um áherslur við gerð svæðisskipulags. Í umsögninni er m.a. bent á að rökstyðja þurfi breytingar sem verið sé að gera á ígildi núverandi svæðisskipulags. Auk þess er fjallað um mörg efnisatriði og munu fulltrúar í skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar sem jafnframt sitja í svæðisskipulagsnefndinni koma þeim á framfæri.

2. Reglur um ráðgjafahóp KEF ohf í skipulagsvinnu

Rætt áfram í framhaldi af umræðum á síðasta fundi.

3. Verklagsreglur um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Formaður skipulagsnefndarinnar lagði fram til umræðu minnispunkta varðandi verklagsreglur um samskipti nefndarinnar og ráðgjafahóps KEF ohf um skipulagsmál. Óskað er eftir athugasemdum og tillögum nefndarmanna um verklagsreglurnar.

4. Aðalskipulag sveitarfélagsins Garðs

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs hefur verið auglýst og frestur til að gera athugasemdir er til 01.06.2009. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fékk aðalskipulagið á kynningarstigi og gerði athugasemdir við það með bréfi dags. 30.01.2009. Ekki hefur að fullu verið tekið tillit til þessara athugasemda í skipulagstillögunni sem nú er auglýst. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar ítrekar því fyrri athugasemdir sínar.

5. Samskipti við Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Sigurður Toroddsen gerði að umræðuefni samskipti Kadeco og Keflavíkurflugvallar ohf á jaðarsvæðum.

6. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.